

110

10. sept.

Ef unnt er, skal eigi láta graðhesta byrja að fylja hryssur fyrir en þeir eru þrevetrir. Eigandi graðhestsins er skyldur að ljá hestinn hreppsþúum til afnota samkvæmt þessari samþykkt til þess hann er 6 vetra og heimilt er honum einnig að leyfa öðrum að nota hann. Ef eigandi leyfir, má nota graðhest til undaneldis til þess hann er 8 vetra. Graðhest skal gelða, þegar er hætt er að nota hann til undaneldis, ef hann eptir það verður í því umdæmi, er samþykkt þessi nær yfir.

7. gr.

Graðhestar skulu eigi hafðir til neinnar brúkunar að sumrinu þau ár, er þeir eru þannig notaðir. Þeir skulu hafa gott fóður og nægilegt að vetrinum og eigi vera hafðir til neinnar örðugrar brúkunar þann tíma.

8. gr.

Geti hreppsnefnd eigi fengið sumargöngu fyrir graðhest á þeim stað, er hentugur þykir, og áltí hreppsnefndin eigi haganlegt, að hann gangi í landi eiganda, þá ákveður hreppsnefndin, hvar graðhesturinn skuli ganga á haga að sumrinu til, og ákveður nægilega þóknun fyrir, er eigandi greiðir. Enginn búandi maður má skorast undan að taka graðhest í land sitt.

9. gr.

Allar þær hryssur í hreppnum, er eigendur vilja láta fyljast, skal leiða til graðhests á tímabilinu frá 1. maí 25. júní. Fyrir hverja hryssu, sem leidd er til graðhests, skal gjalda eiganda hestsins 2 kr. Hreppsnefndin innheimtir gjaldið hjá hreppsþúum eptir skýrslu frá þeim manni, sem graðhestinn hefur til hagagöngu, og stendur eiganda skil á. Nemi gjaldið, er eigandi þannig fær, eigi 36 kr. á ári, greiðir hreppsnefndin það er á vantar úr sjóði hreppsins.

10. gr.

Hryssu, er fyljast hefir, skal eigi hafa til örðugrar brúkunar næsta mánuð á eptir og sem minnst að vetrarlagi.

11. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum allt að 50 kr., er renna í sveitarsjóð og ber hreppsnefndinni að hafa eptirlit með, að samþykktinni sje hlýtt, og kæra þá, er brjóta gegn henni.

*

*

*

Samþykkt þessi er hjermeð staðfest af undirrituðum amtmanni til að öðlast gildi 1. jan. 1895, og kunngjörð öllum hlutaðeigendum til eptirbreyttni. Íslands norður- og austuramt, Akureyri 10. sept. 1894.

Kl. Jónsson,
settur.

111

21. sept.

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um pingsályktun út af tilögum yfirskoðunarmanna alþingis við landsreikningana fyrir árin 1890 og 1891. — Með þóknanlegu brjefi, dags. 23. okt. f. á., hafð þjer; herra landshöfðingi, sent

hingað þingsályktun, samþykkt af báðum deildum alþingis út af tillögum yfirskoðunarmanna landsreikninganna fyrir 1890 og 1891, svo hljóðandi: **111** 21. sept.

»Alþingi ályktar, að skora á landstjórnina að hlutast til um:

1. Að áskildir vextir og afborganir af hallærislánum sjeu innheimtir undandráttaarlaust, og verði megn vanskil á greiðslunni, sje lánunum sagt upp og ráðstafanir gjörðar til að innheimta allan höfuðstólinn.

2. Að málssókn sje hafin gegn prestum þeim, er eigi standa landssjóði skil á árgjöldum af braudum sínum.

3. Að skýrsla um allar óloknaðar versúrur frá fyrri árum, hvort sem þær hafa komið fyrst fram í jarðabókarsjóðsreikningum eða reikningsbók ráðgjafans, fylgi landsreikningnum eptirleiðis.

4. Að ef gjaldheimtumenn landssjóðs borga meira en þeir eiga að greiða eptir reikningum sínum, sje skýrsla um slíkar ofborganir frá fyrri árum lätin fylgja landsreikningnum framvegis.

Út af þessu læt jeg ekki hjá liða þjónustusamlega að tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar í B.-deild Stjórnartíðindanna, að út af 1. og 2. lið þingsályktunarinnar getur ekki orðið gjört annað en það, sem þegar er gjört, með því að ráðstafanir umboðsstjórnarinnar eru samkvæmt upplýsingum þeim, er þjer gefið, nú þegar í samræmi við óskir alþingis, en að því er snertir 3. og 4. lið þingsályktunarinnar finn jeg, samkvæmt því er þjer einnig hafi lagt til, ekkert á móti því, að tillögurnar í þessum liðum verði teknar til greina.

Brjef ráðgjafans fyrir Island til landshöfðingja um afnám danskra messu- gjörða í Reykjavík. — Samkvæmt allra þegnsamlegustum tillögum ráðgjafans, **112** 21. sept.

eptir að ráðaneytinu hafði borizt þóknanlegt brjef yðar, herra landshöfðingi, dags. 3. febr. þ. á., hefur hans hátign konunginum hinn 19. þ. m. allra mildilegast þóknast að samþykkja, að konungsúrskurður 17. marz 1882 ásamt eldri ákvörðunum um skyldu dómkirkjuprestsins í Reykjavík til þess, að halda danskar messugjörðir í dómkirkjunni, skuli vera úr gildi numinn, þó þannig, að dómkirkjupresturinn sje skyldur til að framkvæma kirkjulegar athafnir á dönsku, þegar hlutadeigandi danskir meðlimir safnaðarins fara þess á leit.

Þetta er hjer með þjónustusamlega tilkynnt yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar í B.-deild Stjórnartíðindanna.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins í suðuramtinu og vesturamtinu um sveitfesti þurfalings. — Eptir að hafa fengið þóknanlegt brjef yðar, herra amt- **113** 28. sept.

maður, viðvíkjandi áfrýjan hreppsnefndarinnar í Garðahreppi á úrskurði yðar, dags. 11. júlí þ. á., um sveitfesti stúlkunnar Margrjetar Guðmundsdóttur, sem nú er orðin sveitarþurfi í Reykjavík, og skjöl þau, máli þessu viðvíkjandi, sem